

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Súðavíkur.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem hún nær yfir og getur fullnægt, svo og til Súðavíkurhafnar.

2. gr.

Hreppsnefnd annast öll framkvæmdastörf, sem vatnsveitukerfi staðarins varða, viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast hreppsnefnd reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga og fylgja sveitarsjóðsreikningum ár hvert.

3. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um þorpið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að heim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að, eða eru í námunda við.

4. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við Vatnsveitu Súðavíkur, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um. Umsóknin skal vera skrifleg og henni skulu fylgja teikningar er sýni legu og dýpt heimæðar og um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatn skuli notað.

5. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum vatnsveitunnar, hvorki nýlagnir eða breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra. Fyrir tengingu heimæða skal greiða sérstakt tengigjald, samkv. gjaldskrá vatnsveitunnar.

6. gr.

Samþykki fyrir tengingu heimæða fyrir vatnsveitukerfið skuldbindur ekki vatnsveituna til að tryggja að þrýstingur í götuhæð sé ávallt nægjanlegur.

7. gr.

Vatnsveitan hefur eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Engar lagnir má tengja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Sé verk, að áliti vatnsveitunnar eða eftirlitsmanns hennar, ekki unnið í samræmi við reglugerð þessa eða reglur sem kunna að verða settar, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt verður úr ágöllum.

8. gr.

Skylt er hverjum húseiganda er vatnsæð hefur að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

9. gr.

Hreppsnefnd, eða eftirlitsmanni hennar, er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við

þær. Ef þeim útbúnaði þykir í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

10. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess kostur.

11. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkv. mati, ef ekki næst samkomulag.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrar-
truflunum er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

13. gr.

Hver sá, er veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Engum er heimilt án leyfis eftirlitsmanns vatnsveitunnar eða slökkviliðs-
stjóra, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

14. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. janúar ár hvert. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samn-
ingsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

15. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta vatnsskatt af fasteignum eins og hann er ákveðinn í gjaldskrá vatnsveitunnar hverju sinni. Af húsnum, sem ekki eru virt fasteignavirðingu, og greiða ber vatnsskatt af, skal greiða vatnsskatt samkvæmt ákvæðum vatnsveitunnar. Aukavatnsskatt skal inn-
heimta af verksmiðjum, iðnfyrirtækjum og öðrum atvinnufyrirtækjum, svo og öðrum sem nota vatn til annars en heimilisnotkunar.

16. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerðin fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opin-
berra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

16. júlí 1975.

Nr. 354.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Súðavíkur.

1. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Súðavíkur skal greiða tengigjald kr. 5 000.00.

2. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ. e. mati mannvirkja og lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0,15% af framangreindu mati. Lágmarksupphæð fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 000.00.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Aukavatnsskatt skv. 2. gr. skal greiða fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, útgerðarstöðvar, frystihús, bifreiðapvottaplön, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

4. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 3.50 fyrir hvern teningsmetra vatns, sé vatn ekki selt eftir mæli skal greiða af fasteignamati húsa og lóða árlegan vatnsskatt 1,5%.

5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársléigan fyrir hvern mæli kr. 1 500.00.

6. gr.

Vatnsveitan ákveður verð og skilmála og aðra tilhögun um sölu vatns til skipa í samráði við hafnarnefnd.

7. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot en þau sem talin eru hér að framan skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

8. gr.

Framantalin gjöld miðast við byggingarvísitölu 1455 stig en heimilt er hreppsnefnd að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu um allt að 50% öll eða hvert um sig, án staðfestingar ráðuneytisins.